



Yfirlit yfir Klínísku námskeiðin heilsugæsla I og II (KHG0112 og KHG0113)

Fyrirlestrar

Fyrirlestrar voru á hverjum þriðjudegi og voru þemun á haustönninni tengd heilsuverndarþáttum heilsugæslunnar en á vorönninni tengd langvinnum veikindum. Samtals voru fyrirlestrarnir 116 yfir veturinn, 76 tengdir þemum, 29 tengdir líkamsmati og 11 tengdir klíniskri lyfjafræði. Fyrirlesarar voru allir með meistaragráðu og/eða doktorsgráðu. Sjá fyrirlestraskrá:

| Haust | Þema | Fyrirlesari: | fjöldi fyrirl. |
|-------------------------------------|--------------------------|---|----------------|
| sept | Opnun - nemahlutverkið | Gísli Kort Kristófersson, hj.fr | 2 |
| | Fjölskylduhjúkrun | Sigrún K. Barkardóttir, hj.fr | 3 |
| | Áhugahvetjandi samtal | Helga Sif Friðjónsdóttir, hj.fr | 3 |
| | Proski barna | Gyða S. Haraldsdóttir, sálfræðingur | 2 |
| | Líkamsmat smábarna | Áslaug H. Pálsdóttir, barnalæknir | 2 |
| | Proski barna | Hafdís Einarsdóttir, sálfræðingur | 2 |
| | Svefn barna | Arna Skúladóttir, hj.fr | 2 |
| | Andleg líðan mæðra | Ástþóra Kristinsdóttir, hj.fr/ljósm | 2 |
| | Brjóstgjöf | Ingibjörg Eiríksdóttir, hj.fr/ljósm | 2 |
| | Næring ungbarna | Hólmi Friður Þorgeirsdóttir, næringarfr | 1 |
| | Tannvernd barna | Hólmi Friður Guðmundsdóttir, tannl. | 1 |
| okt | Offita barna | Tryggvi Helgason, barnalæknir | 1 |
| | Líkamsmynd barna | Sigrún Daniels, sálfr. | 1 |
| | Líkamsmat, áverkar barna | Valgeir Viðarsson, sjúkraþjálfari | 2 |
| | Geðheilsuvernd barna | Kristín Inga Grímsdóttir, hj.fr | 2 |
| | Kvíði barna | Bettý Ragnarsdóttir, sálfr | 1 |
| | ADHD og lyfjameðferð | Katrín Davíðsdóttir, barnalæknir | 1 |
| | Barnavernd | Sigurður, barnav. | 1 |
| nóv | Meðgönguvernd | Sigríður Sía Jónsdóttir, hj.fr/ljósm | 4 |
| | Líkamsmat, saga | Helga Sæunn Sveinbjörnsd. Hj.fr | 4 |
| | Heimahjúkrun | Inga Valgerður Kristinsdóttir, hj.fr | 4 |
| des | Heilsuvernd aldraðra | Sólveig Ása Árnadóttir, sjúkraþj. | 2 |
| | Minnihlutahópar | Edda Ólafsdóttir, félagsfr. | 2 |
| Samtals fyrirlestrar tengdir þemum: | | | 38 |
| Samtals líkamsmat: | | | 8 |
| Samtals klínisk lyfjafræði: | | | 1 |
| Samtals á haustönn: | | | 47 |



| Vor | Þema: | Fyrirlesari: | fjöldi fyrirll. |
|-------|------------------------------|--|-----------------|
| jan | Teymisvinnia | Ingibj. Sveinsdóttir, sálfr. | 4 |
| | Klínísk lyfjafræði | Pétur Sigurður Gunnarsson, lyfjarfr. | 4 |
| | Bráð veikindi | Hrafnhildur Lilja J. Hj.fr | 2,5 |
| | Líkamsmat, bráð veikindi | Elma Rún Ingvarsdóttir, hj.fr | 1,5 |
| | Slysa og bráða | Bryndís Guðjónsdóttir, hj.fr | 2 |
| | Slysa og bráða | Guðbjörg Pálsdóttir, hj.fr | 2 |
| | Sauma sár | Nanna Ólafsdóttir, hj.fr | 2 |
| feb | Verkir og verkjameðferð | Þorbjörg Jónsdóttir, hj.fr | 2 |
| | Líkamsmat, skynfæri | Helga Sæunn Sveinbjörnsd. Hj.fr | 2 |
| | Sárameðferð | Guðbjörg Pálsd, hj.fr | 4 |
| | Líkamsmat húð | Stefán Sigurkarlsson, læknir | 2 |
| | Geðhjúkrun | Gísli Kort, hj.fr. | 2 |
| | Klínísk lyfjafræði - geðlyf | Gísli Kort, hj.fr. | 2 |
| mars | Geðhjúkrun | Gísli Kort, hj.fr. | 2 |
| | Líkamsmat/ Geðheilbr | Gísli Kort, hj.fr. | 2 |
| | Ofbeldi | Sigrún Sigurðardóttir, hj.fr | 2 |
| | Áfallahjálp | Ástpóra Kristinsdóttir, ljósm | 1 |
| | Öndunarfarerasjúkd. | Elva Dröfn Ingólfisdóttir, hj.fr | 4 |
| apríl | Sykursýki | Árún Sigurðardóttir, hj.fr | 2 |
| | Krabbamein | Elísabet Hjörleifsd. Hj.fr | 2 |
| | Klín.lyfjafr. Krabbameinslyf | Þórunn K. Guðmundsd, lyfja.fr. | 2 |
| | Ráðgjöf um breyttan lífsstíl | Helga Sævarsd, hj.fr | 3 |
| | Líkamsmat /HNE og kvið | Stefán Sigurkarlsson, læknir | 6 |
| | Líkamsmat/ hjarta og lungu | Helga Sæunn Sveinbjörnsd. Hj.fr | 3 |
| | Klín.lyfjafr. Getnaðarvarnir | Matthildur Sigurðardóttir, fæðingalæk. | 2 |
| maí | Ferðamannabólusetningar | Þorsteinn Blöndal, læknir | 2 |
| | Hjartasjúkdómar | Auður Ketilsdóttir, hj.fr | 4 |
| | | Samtals fyrirlestrar tengdir þemum: | 36.5 |
| | | Samtals líkamsmat: | 22.5 |
| | | Samtals klínísk lyfjafræði: | 10 |
| | Samtals á haustönn: | 69 | |

Umræðutímar

Alls voru 24 umræðutímar, 12 á haustönninni og 12 á vorönninni. Hver umræðutími var um 2 klst. Lærimeistarar skiptust á að hafa umsjón með umræðutímum. Nemarnir voru með framsögu í umræðutímum um klínísk dæmi eða rannsóknargreinar sem tengdust þema hverrar viku. Alls skilaði hver



nemi fjórum klínískum dæmum og sex rannsóknargreinum yfir veturinn. Nemunum var gefin einkunn skv. matsblaði, sem var hluti af lokamati í námskeiðinu.

Kynningar

Nemarnir voru með fjórar kynningar yfir veturinn á efni sem var valið í samráði við lærimeistara. Skilyrði var að ein kynning færi fram í samfélagi, svo sem á vinnustað og ein á yfirhjúkrunarfræðingsfundi.

Verkefni

Nemarnir skiluðu lokaverkefni á haustönninni. Verkefnin voru tengd klínískum aðstæðum. Settar voru fram hugmyndir að eflingu hjúkrunar innan heilsugæslunnar sem nemar kynntu fyrir yfirhjúkrunarfræðingum. Umsjónakennari og sérfræðikennari fóru yfir verkefnin.

Próf í líkamsmati

Nemarnir tóku verklegt próf í líkamsmati. Prófið fór fram á Heilsugæslustöðinni í Garðabæ í raunaðstæðum þar sem nemendur tóku á móti sjúklingum sem komu á vaktina. Nemendur tóku sögu, gerðu viðeigandi líkamsmat og settu fram áætlun. Prófdómari var Helga Sæunn Sveinbjörnsdóttir, klínískur sérfræðingur, lærimeistari og Svæðisstjóri í Garðabæ. Námsmat var staðið/fallið.

Starfsþróunardagbók

Nemendur héldu starfsþróunardagbók á Moodle þar sem þeir ígrunduðu færni sýna, styrkleika og veikleika tengda hverju þema, settu sér markmið og mátu árangur. Viðkomandi lærmeistari, sérfræðikennari og umsjónakennari höfðu auk nema aðgengi að bókinni.

Handleiðsla

Nemendur fengu 1 klst. handleiðslutíma hjá lærimeistara sínum í hverri viku. Þar var starfsþróunardagbókin höfð að leiðarljósi og námstækifæri rædd.

Námsmat

Matsblöð voru til grundvallar hverjum matsþætti í námsmatinu í þeim tilgangi að auka samræmi. Námsmat til lokaekunnar var eftirfarandi:

| | Umræðutímar | Kynningar | Verkefni | Líkamsmat | Starfsþróun og mat mentors | Samtals: |
|-------|-------------|-----------|----------|---------------|----------------------------|----------|
| Haust | 25% | 15% | 40% | | 20% | 100% |
| vor | 25% | 25% | | Staðið/fallið | 50% | 100% |

Vettvangsheimsóknir

Nemendur fóru víða í vettvangsheimsóknir yfir veturinn, bæði í stuttar kynnisferðir en einnig til lengri dvalar. Þannig tóku allir nemarnir a.m.k. tvær vaktir á Slysa og bráðadeild Lsh. Hálfan dag á Sáramóttöku Lsh og hálfan dag fylgdu þeir eftir klínískum lyfjafræðingi á Lsh. Einnig fengu þeir að fylgja eftir hjúkrunarfræðingum í teymisvinnu á Reykjalundi. Göngudeildir Lsh voru heimsóttar s.s. Göngudeild sykursjúkra, krabbameinsveikra og hjartasjúkdóma. Utan heilbrigðisstofnana voru Barnahús, Kvennaathvarfið og frú Ragnheiður meðal annars heimsótt.



Í lok vetrar valdi hver og einn nemandi fimm heimsóknir sem þeim fannst standa uppúr. Allir nemendurnir völdu Slysadeildina, Sáramiðstöðina, Reykjalund og Barnahús. Þessar vettvangsheimsóknir verða því settar í forgang fyrir næsta nemahóp.

Akureyri og Reykjavík, 13. júní, 2016

Sigríður Sía Jónsdóttir, lektor HA
Brautarstjóri námslínunnar: Heilsugæsla í héraði
Háskólanum á Akureyri

Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir,
sérfræðikennari og Kennslustjóri
Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins